



HÁSKÓLINN
Á BIFRÖST

Stefnumið 2030

Efnisyfirlit

Formáli rektors.....	4
Kynning.....	6
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	8
Framtíðarsýn og gildi.....	10
Fagsvið Háskólans á Bifröst.....	12
Námsumhverfi í Háskólanum á Bifröst.....	13
Stoðir Háskólans á Bifröst.....	14
Nám og kennsla.....	15
Rannsóknir.....	18
Menning og stjórnun.....	20
Samfélagsþátttaka.....	22
Viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun PRME.....	24
Lykilmælikvarðar.....	25





SAMVINNA

FRUMKVÆÐI

ÁBYRGÐ

Formáli rektors

Kæra samstarfsfólk og vinir Háskólans á Bifröst

Besta leiðin til þess að segja fyrir um framtíðina er að skapa hana. Það er með miklu stolti sem ég kynni ykkur stefnumið Háskólans á Bifröst fram til ársins 2030. Staða okkar er góð: gott orðspor fer af námi og kennslu við háskólann og fjárhagur hans er góður. Stefnumið okkar eru í samræmi við þróun innlendra og alþjóðlegra gæðaviðmiða um nám á háskólastigi og þau búa háskólann undir framtíðina.

Sem liðsheild höfum við skapað sameiginlega framtíðarsýn. Háskólaráð, framkvæmdastjórn, nemendur, kennarar og annað starfsfólk, hefur rætt í þau hverjar áherslur okkar eiga að vera. Í því ferli hefur orðið til framtíðarsýn sem við styðjum öll, trúum á og teljum okkur geta hrint í framkvæmd. Við höfum sett okkur níu markmið með áherslu á að auka árangur nemenda, efla rannsóknir og skapandi samvinnu, hagræða í ferlum til að auka gæði auk þess að skapa opinn og skemmtilegan vinnustað þar sem fjölbreytni og félagslegu réttlæti er tekið opnum örmum. Nemendur okkar og starfsfólk eru kjarninn í starfsemi skólans - megináherslan er og verður alltaf á þá hópa.

Við lítum svo á að háskólanámið sem stendur nemendum okkar til boða snúist ekki aðeins um að búa þá undir störf sín nú og til framtíðar. Sýn okkar er meðvituð um að menntunin auki tækifæri þeirra sem þegar eru á vinnumarkaði og vilja skipta um starfsvettvang eða fá framgang í starfi. Markmið okkar er að rækta með nemendum okkar gagnrýna hugsun sem og ábyrgð og virðingu gagnvart náttúru og mönnum. Við náum því fram gegnum einstaka námskrá og með því að tvinna saman fræði og framkvæmd, aðalsmerki Háskólans á Bifröst.

Háskólinn á Bifröst mun leggja sig fram um að þjóna þeim sem sækjast eftir traustri menntun og sveigjanleika í námi. Sveigjanleiki felur í sér tækifæri til þess að tvinna saman nám og starf, nám og fjölskyldulíf ásamt sveigjanleika til þess að stunda nám hvar sem er á Íslandi og úr öllum heimshornum. Við búum til aðstæður þar sem nemendur geta blómstrað bæði faglega og persónulega. Markmið okkar er að laga okkur að námsþörfum nemenda framtíðarinnar með því að bjóða upp á nám sem veitir færni sem gervigreind tekur ekki til.

Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að háskólaþorpið Bifröst er staðsett í stórkostlegri náttúruparadís og sér okkur fyrir umhverfi sem styður við gildin okkar: samvinnu, frumkvæði og ábyrgð.

Við viljum nota þetta tækifæri til að þakka af alúð öllum þeim sem lagt hafa sitt af mörkum til stefnumiðanna á öllum vinnslustigum þeirra. Í stefnumiðunum sem hér fara á eftir er stefnu okkar lýst og þeim metnaðarfullu markmiðum sem við leitumst við að ná. Á komandi ári munu sérhver deild og stoðsvið skólans gera sér aðgerðaráætlanir þar sem gerð verður grein fyrir því hvernig innleiða skuli markmið háskólans. Við óskum eftir stuðningi alls háskólasamfélagsins við að raungera framtíðarsýn okkar og skapa þá framtíð sem við sjáum fyrir okkur.

Með kveðju,



Dr. Margrét Jónsdóttir Njarðvík, rektor



Kynning

Í heila öld hefur Háskólinn á Bifröst menntað fólk til áhrifa og ábyrgðar í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Markmið okkar er að efla íslenskt atvinnulíf og samfélag með því að þjóða menntun af góðum gæðum í viðskiptum, lögfræði og félagsvísindum. Sem landsbyggðarháskóli leitast Háskólinn á Bifröst við að tryggja fólki sem sækist eftir háskólamenntun sambærilegan aðgang að menntun, óháð búsetu og öðrum ytri aðstæðum.

Þegar við horfum fram á veginn og sjáum fyrir okkur verkefni næsta áratugar þurfum við að spyrja okkur brýnna spurninga. Hvernig sjáum við hlutverk skólans fyrir okkur? Hvernig þjónar Háskólinn á Bifröst samfélaginu? Hvernig ver lítill metnaðarfullur háskóli eins og Háskólinn á Bifröst best fjármagni sínu og kröftum til að þjóna samfélaginu eins vel og kostur er? Með þessar spurningar að leiðarljósi hefur Háskólinn á Bifröst horft fram á veginn og búið til stefnumið sem stutt geta vegferð okkar á komandi áratug.

Reynsla heillar aldar hefur skilað Háskólanum á Bifröst þekkingu á því hvernig koma má til móts við menntunarþörf í samfélaginu, öra þróun á öllum sviðum þess og nýjar og síbreytilegar áskoranir sem heimurinn stendur frammi fyrir, áskoranir sem gera miklar kröfur um hæfni menntakerfisins til að skapa kunnáttu og sérþekkingu. Fjórða iðnbyltingin mun færa okkur háþrúð vélmenni, sjálfkeyrandi farartæki, gervigreind og vélrænt nám, háþrúð efni, líftækni og erfðamengjafræði. Þessar tækni framfarir einfalda stafræna vinnu, menntun og samskipti, umbreyta hefðbundinni samfélagsþróun og búið er við mikilli röskun vegna þessara breytinga, bæði fyrir fyrirtæki og vinnumarkað, breytingum sem krefjast nýrrar hæfni til að takast á við nýjar aðstæður. World Economic Forum telur að 65% barna sem nú eru hefja nám í grunnskóla munu þegar upp er staðið stunda störf sem ekki eru til í dag. Þegar þróun vinnumarkaðar er svo ör verður lykilatriði fyrir háskóla að hafa færni til þess að sjá fyrir hæfniskröfur framtíðar og búa sig undir þær. Háskólinn á Bifröst þarf að laga sig að samfélagsbreytingum og halda stöðugt vöku sinni til að viðhalda hlutverki sínu. Reynsla háskólans styður skapandi hugsun og tryggir að nemendur öðlist þá sérþekkingu sem þarf til að þróa og eiga frumkvæði að framtíðarmiðaðum faglegum lausnum gegnum stafrænar námsaðferðir. Meginmarkmið okkar er að undirbúa nemendur sem útskrifast frá Háskólanum á Bifröst undir að vera sveigjanlegir, hæfir í samvinnu og sjálfstæðir hugsandi einstaklingar sem eru tilbúnir til að læra svo lengi sem þeir lifa og hafa getu til þess að laga sig að síbreytilegum heimi.

Við stefnum einnig að því að auka samfélagsþátttöku. Með því að uppfylla markmið okkar um menntum styðjum við og eflum heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega þau sem snúa að menntun, jafnrétti kynjanna, nýsköpun og réttlæti, en allt eru þetta þættir sem endurspeglast í námskrá okkar. Við tökum áfram þátt í verkefni Sameinuðu þjóðanna „Viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun“ (The Principles for Responsible Management Education, PRME) og aukum þátttöku okkar í því. PRME styður viðleitni okkar til að gera stjórnendur framtíðar hæfa til að koma á jafnvægi milli efnahagslegra og sjálfbærra markmiða.

Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður kostur fyrir fólk sem kys hágæða menntun og háskóli þar sem ánægja nemenda er mikil. Við leggjum okkur fram um að vera áfram í fararbroddi í fjarnámi og tryggja með því aðgang að háskólamenntun fyrir alla sem eftir henni sækjast. Við munum stunda rannsóknir, bæði hagnýtar rannsóknir og vísindalegar birtingar. Við erum virkir þátttakendur í samfélaginu, nærsamfélagi okkar, svæðisbundið, landsbundið og alþjóðlega. Markmið okkar er að þróa samkeppnishæfan, svæðisbundinn frumkvöðlaháskóla þar sem gerðar eru miklar kröfur sem jafnast á við alþjóðlegar kröfur. Við hyggjumst stofna til nýrrar samvinnu og samstarfsverkefna um leið og við höldum áfram að vaxa með íslensku samfélagi.





Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sambætting heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna við námskrá skólans



SAMVINNA SEM HEFUR AÐ MARKMIÐI AÐ:

Tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi.

Sem landsbyggðarháskóli sem leggur áherslu á fjarnám leitast Háskólinn á Bifröst við að tryggja sambærilegan aðgang að menntun alls fólks sem sækist eftir háskólamenntun, óháð búsetu og öðrum ytri aðstæðum.



JAFNRÉTTI KYNJANNA

Jafnrétti kynjanna verði tryggt og staða allra kvenna og stúlkna styrkt.

Háskólinn á Bifröst hyggst halda áfram að vera leiðandi meðal skóla á Íslandi á sviði leiðtogamenntunar kvenna gegnum áætlunina *Empowering Women*. Þá hyggst Háskólinn á komandi áratug skoða og þróa aðgerðaáætlun til þess að auka aðgengi karla að háskólamenntun en á þessu sviði er jafnrétti kynjanna áhyggjuefni.



FRIDUR OG RÉTTLÆTI

Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla jarðarbúa, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum. Réttarríkið verði eft á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi og tryggt verði jafnt aðgengi allra að réttarkerfinu.

Lagadeild Háskólans á Bifröst skuldbindur sig til þess að stuðla að því að 16. sjálfbærnarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna verði náð með því að tryggja gæði þeirrar menntunar sem veitt er og með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi svo sem Law Without Walls.



NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Auka rannsóknir og efla nýsköpun.

Háskólinn á Bifröst er virkur í íslensku vísindasamfélagi. Háskólinn hyggst vinna eftir metnaðarfullri áætlun að því að efla rannsóknargetu skólans og þátttöku í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Háskólinn leggur verulega áherslu á að efla rannsóknir og leitar leiða til að styðja við rannsóknir á fræðasviðum skólans og í tengdum greinum.

HEIMS-
MARKMIÐ
S. Þ.
PRME

MENNTUN FYRIR ALLA
JAFNRÉTTI OG FJÖLBREYTNÍ
FRIDUR & RÉTTLEI
NÝSKÖPUN & UPPBYGGING
réttlátt & sjálfbært hagræfi
Sjálfbær þróun & samfélagsbygð
Abyrgi, stjórnmundar & leiðtogar
Virkt samstarf ut í samfélagid
Aukin þekking

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST - STEFNUMIÐ 2030

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST ER Í FARARBRÖDDI Í FJARNÁMI MED SVEIGJANLEGRI NÁLGUN.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST LEGGUR ÁHERSLU Á EINSTAKLINGSBUNÐNA NÁLGUN Í KENNSLU ÞAR SEM JAFNVÆGI MILLI FRÆÐA & FRAMKVÆMDA ER HUNGAMIÐJAN.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST ER SKULDBUNDINN TIL VÍSINDALEGS STÁLSTÆÐIS OG TIL AÐ STUNDA SAMFÉLAGSLEGAR RANNSÓKNIR.



SAMVINNA
FRUMKVÆÐI
ABYRGÐ



Ég tek virkan þátt og lét muna um mig!

Framtíðarsýn og gildi

Háskólinn á Bifröst er viðskiptaháskóli sem menntar fólk til áhrifa og ábyrgðar í atvinnulífi og samfélagi. Grunnildi okkar eru þau sömu og fram koma í yfirlýsingu um siðferðilegar skyldur evrópskra háskóla, Magna Charta Universitatum. Við stöndum vörð um frelsi til rannsókna og tjáningar. Opnar umræður, umburðarlyndi og fjölbreytni liggja til grundvallar í starfi háskólans. Þar sem háskólar eru taldir til grunnstoða samfélagsins lítum við svo á að við séum samábyrg í þróun á blómlegu, lýðræðislegu og sjálfbæru samfélagi.

Framtíðarsýn okkar fyrir Háskólann á Bifröst er að hann:

-sé skuldbundinn til vísindalegs sjálfstæðis og að stunda samfélagstengdar rannsóknir.

Við stundum rannsóknir í samræmi við rannsóknarstefnu Háskólans á Bifröst en leggjum einnig áherslu á samfélagsáhrif og ávinning fyrir samfélagið, þar með talið að efla atvinnulíf og tengsl milli háskóla og samfélags.

-sé í fararbroddi í fjarnámi með sveigjanlegri nálgun.

Við bjóðum stafrænt námsumhverfi í sérflokkum, þar með talið fjarkennslu með vinnulotum þar sem nemendur hitta kennara sína í háskólaborpinu. Þetta tryggir nemendum sveigjanleika við uppbyggingu námsins og gerir háskólanum kleift að efla nýsköpun, gæði kennslu og kennsluáferðir.

-leggi áherslu á einstaklingsbundna nálgun í kennslu þar sem jafnvægi milli fræða og framkvæmdar er þungamiðja.

Við bjóðum upp á einstaklingsbundinn stuðning og samskipti við kennara í litlum hópum þar sem raunveruleg vandamál eru leyst í samvinnu.

Gildi okkar skilgreina hver við erum og hver við viljum vera sem samfélag. Hugmyndaleg og siðferðileg gildi sem endurspeglar alla starfsemi háskólans eru:



Samvinna sem hefur að markmiði að:

- Hvetja til samskipta og þátttöku í félagslega virku stafrænu háskólaumhverfi með því að vinna saman í hópum að lausn raunverulegra verkefna.
- Stuðla að tengslum við samfélagið og styrkja rannsóknarsamstarf við stofnanir og fyrirtæki.
- Byggja upp „við á Bifröst“ liðsanda sem stuðlar að sameiginlegum skilningi á tilgangi og löngun til að ná árangri.



Frumkvæði sem felur í sér:

- Nýsköpun í þróun stafrænna kennsluáferða, námsbrauta sem koma til móts við þarfir samfélagsins, rannsókna og frumkvöðlastarfs.
- Þróun frumkvæðis í vinnubrögðum sem stuðlar að skapandi og gagnrýnni hugsun, hæfni sem einkennir lausnamiðaða einstaklinga.
- Þátttöku nemenda í að skapa sér sinn eigin umbreytingarferil gegnum námsreynslu sína.



Ábyrgð birtist í að:

- Standa vörð um frelsi til rannsókna og tjáningar og sjá nemendum fyrir menntun sem styður lýðræðislegt og sjálfbært samfélag.
- Veita sambærilegan aðgang að menntun óháð búsetu og fagna fjölbreytni nemenda.
- Nemendur og starfsfólk skuldbindi sig til að stunda nám sitt og starf af heilindum og alúð.

Fagsvið Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst hefur á heilli öld öðlast reynslu og haft tíma til að þróa sérþekkingu og marka sér sérstöðu innan háskólasamfélagsins. Á komandi áratug hyggst Háskólinn á Bifröst halda áfram að þróast og vaxa á þeim sviðum þar sem skólinn skarar þegar fram úr og efla til muna þau svið sem hægt er að styrkja.

Nemendur, kennarar og annað starfsfólk sækja orku í þá stórbrotnu náttúru sem myndar umgjörð Háskólans á Bifröst, hraun, eldfjöll, vötn og gróðurlendi, og styður við kraftmikið samfélag. Í slíku umhverfi er áhugi á umhverfismálum og sjálfbærni sjálfgefinn.

Háskólinn á Bifröst er afar stoltur af mikilli ánægju nemenda, áhuga kennara og meinaði gagnvart menntuninni og styðjandi forystu sem sýnir frumkvæði, tekur skjótar ákvarðanir og greiðir með því fyrir stöðugum umbótum.

Í Háskólanum á Bifröst eru þrjár háskóladeildir; viðskiptadeild, félagsvísindadeild og lagadeild. Skólaárinu er skipt í þrjú misseri þar sem einnig er boðið upp á sumarönn og þar bjóðast einnig símenntunarnámskeið. Þá býður háskólinn upp á undirbúningsnám í háskólagátt fyrir nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi. Í háskólagátt fyrir nemendur sem ekki eiga íslensku að móðurmáli er áhersla lögð á tungumálanám sem miðar að því að auðvelda aðgengi nemendanna að námi í háskóladeildum. Straumlínulagað ákvarðanatökuferli og smæð háskólans hefur gert honum kleift að bregðast hratt við eftirspurn samfélagsins eftir nýjum námsleiðum og hefur þannig orðið til einstök námskrá á sviðum þar sem skólinn hefur markað sér sérstöðu.

Háskóladeildirnar eiga gott samband við atvinnulífið í landinu og hafa þróað sérhæfða námskrá þar sem notaðar eru skapandi stafrænar aðferðir við nám. Nemendur vinna, á einstaklingsgrundvelli og í hópum með stuðningi kennara, að lausn verkefna sem byggja á raunverulegum áskorunum.





Námsumhverfi í Háskólanum á Bifröst

Fjölbreytni er lykilorð þegar lýsa á nemanda við Háskólann á Bifröst. Bifrastarlíkanið sem felst í einstöku framboði á námsleiðum í fjarnámi og byggir á jafnvægi milli fræða og framkvæmdar, laðar að fjölbreyttan nemendahóp. Hópurinn spannar frá stjórnendum og millistjórnendum sem vilja bæta við menntun sína í miðjum starfsferli til yngri nemenda sem eru að hefja starfsferil sinn og sækjast eftir sveigjanleika fjarnáms með reglulegum vinnulotum í háskólaþorpinu.

Nemendum Háskólans á Bifröst hefur lengi verið lýst þannig að fáeinum vikum eftir að þeir hefja nám við skólann séu þeir komnir með „Bifrastarglampa“ í augun. Þetta hugtak er notað um glampann sem sýnir ótvírætt að viðkomandi blómstrar í nýju umhverfi. Sú öra samfélagsþróun sem við lifum nú mun umbreyta hefðbundinni námsreynslu háskólanema. Sögulega hefur háskólaþorpið á Bifröst gegnt lykilhlutverki í upplifun nemenda, ýtt undir félagsleg samskipti, hugmyndafræðilega umræðu, myndun tengslaneta og vináttu, auk beinna samskipta við kennara og annað starfsfólk. Árið 2019 voru 88% nemenda Háskólans á Bifröst búsettir annars staðar og stunduðu fjarnám. Námslíkan Háskólans á Bifröst, nú og til framtíðar, byggir á fjarnámi sem fram fer í lotum og vinnudögum í háskólaþorpinu en þar hitta nemendur kennara sína einu sinni í hverri lotu eða tvisvar á önn eftir lengd lotunnar.

Við horfumst í augu við að undanfarin ár hefur dregið verulega úr þeim félagslegu þáttum námsumhverfisins sem hér hafa verið nefndir og þrátt fyrir velgengni og ánægju nemenda með námið sem boðið er upp á við Háskólann á Bifröst þá felst áfram áskorun í því að tryggja félagslega og persónulega þætti og um leið umhverfi sem stuðlar að myndun tengslaneta. Á komandi áratug hyggst Háskólinn á Bifröst takast á við þessa áskorun og finna skapandi lausnir til að tryggja að námsumhverfið verði betra en summa allra þátta þess og byggja starfið á þeirri forsendu að nýrri þekkingu þurfi að fylgja þróun nýs félagslegs og faglegs tengslanets.

Eitt skref í aðlögun þjónustu við nemendur að fjarnámsumhverfi hefur verið að endurskipuleggja þjónustu skólans með það að markmiði að fá góða yfirsýn yfir námsframvindu nemenda og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Við stefnum að því að þróa þessa þjónustu áfram til að tryggja að nemendur hverfi ekki frá námi heldur haldi áfram að uppfylla markmið okkar um að vera virkir, samvinnumiðaðir og ábyrgir þátttakendur í námsumhverfi þar sem breytilegar kröfur þeirra og óskir eru virtar og viðurkenndar.

Meginmarkmiðið er að nemendur okkar séu skapandi, hafi siðvitund, séu fordómalausir og gagnrýnir í hugsun og hafi hæfni til að vera þróaðir frumkvöðlar. Við stefnum að því að þeir séu lausnamiðaðir og skuldbindi sig til að nýta þessa færni til góðs í samfélaginu og á sínum vinnustað. Auk þess er það von okkar að Bifrastarglampinn muni sjá þeim fyrir útgeislun út lífið.

Stoðir Háskólans á Bifröst

Á komandi áratug hyggjumst við byggja vinnu okkar á fjórum stoðum. Þær eru **nám og kennsla, rannsóknir, menning og stjórnun** og síðast en ekki síst **samfélagsþátttaka**. Innan hvernar stoðar höfum við sett okkur markmið og við leggjum metnað í að þær auki gæði Háskólans á Bifröst enn frekar.

Í tengslum við þróun þessarar stefnumótunar hefur verið búið til vinnsluskjal, verkefnaáætlun, þar sem markmið, undirmarkmið og tiltekin starfsemi hafa verið og verða áfram sett inn til þess að tryggja að stefnumótunin komist til framkvæmda. Stefnumótunarstarfið sem nú stendur yfir og gildandi umbótaáætlun hefur hvort tveggja verið fellt inn í þessa verkefnaáætlun. Háskólinn mun árlega aðlaga verkefnaáætlunina í samþættu ferli og fylgjast náið með framkvæmdinni með lykilmælikvörðum. Í september ár hvert verður framvindan metin og tekur starfsemi næsta árs mið af því mati. Með þessari aðferðafræði vill skólinn tryggja að nægilegt fé og mannaflí sé til staðar, stuðningur við stjórnun og eignarhald á tilteknum viðfangsefnum stefnumótunarinnar. Þessi stöðuga eftirfylgni gefur Háskólanum á Bifröst tækifæri til að bregðast við öllum breytingum á aðstæðum og koma til móts við nýjar og ófyrirséðar samfélagsþarfir.



Nám og kennsla

Markmið Háskólans á Bifröst er að bjóða upp á hágæða fjarnám þar sem nemendur öðlast færni á fræðasviði sínu. Við leggjum áfram áherslu á að efla hæfni nemenda í að beita faglegum vinnubrögðum og nota kenningar og hugtök við lausn vandamála og við munum efla hæfni þeirra í að leita lausna á áþreifanlegum og raunverulegum áskorunum.

Kennsla við Háskólann á Bifröst byggir áfram á framúrskarandi hópi háskólakennara sem nota fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda undir styrkri akademískri leiðsögn kennara. Nýsköpun og forysta í fjarnámi verður áfram eitt af aðalsmerkjum Háskólans á Bifröst.

Við leggjum áherslu á árangursmiðað gæðastarf sem nær til allrar starfsemi háskólans. Tilgangur gæðastarfsins er að hámarka gæði náms, kennslu og rannsókna við Háskólann á Bifröst með það að markmiði að sjá nemendum, deildum og starfsfólki fyrir faglegu menntasamfélagi í samræmi við íslensk og alþjóðleg gæðaviðmið og tryggja gæði prófgráða frá Háskólanum á Bifröst.



Markmið okkar um nám og kennslu á stefnumótunartímabilinu eru að:

Markmið 1.

Sjá öllum nemendum fyrir umbreytandi námsreynslu.

- 1.1
Undirmarkmið Veita nemendum persónulegan og heildstæðan stuðning gegnum trausta framúrskarandi nemendabjónustu og leggja áherslu á líðan nemenda.
- 1.2
Undirmarkmið Tryggja persónulegan akademískan stuðning og samskipti við kennara með því að takmarka fjölda nemenda í hverjum hópi og miða hópastærð við inntak námsefnisins. Koma til móts við hugsanlegan skort á tæknifærni með því að veita tæknilegan stuðning þar sem þess þarf með.
- 1.3
Undirmarkmið Yfirfara og aðlaga upplýsingamiðlun gegnum mismunandi upplýsingaveitur háskólans til þess að auðvelda aðgengi nemenda að viðeigandi upplýsingum.
- 1.4
Undirmarkmið Styðja nemendafélagið í að standa vörð um réttindi og hagsmuni nemenda og þróa skapandi leiðir til að nemendur geti átt áhugaverðar félagslegar upplifanir í stafrænu umhverfi samtímans.

Markmið 2.

Efla sjálfræði nemenda og ábyrgð þeirra á námi sínu.

- 2.1
Undirmarkmið Tryggja sveigjanleika í skipulagi námsins til þess að gera nemendum kleift að ljúka háskólagráðu með vinnu.
- 2.2
Undirmarkmið Efla aðgengi að símenntun með því að bjóða upp á námskeið sem má taka án þess að markmið nemandu sé að ljúka háskólagráðu.
- 2.3
Undirmarkmið Tryggja áframhaldandi ítarlega greiningu og þróa aðgerðir til að hækka hlutfall nemenda sem ljúka námi með því að benda á hindranir í skipulagi námsins sem komið geta í veg fyrir að nemendur útskrifist.
- 2.4
Undirmarkmið Kanna möguleika á sameiginlegum gráðum með innlendum og erlendum samstarfsaðilum í því skyni að víkka sjóndeildarhring nemenda.
- 2.5
Undirmarkmið Móta nýja stefnu fyrir félagsskap útskrifaðra nemenda frá Háskólanum á Bifröst í því skyni að skólinn verði áfram hluti af faglegum ferli þeirra.



Markmið 3.

Efla nýsköpun, gæði og aðferðir í kennslu.

3.1
Undirmerkið

Tryggja að kennsla sé í samræmi við þróun menntunar, það er samþætta nálgun í námi, tækifæri til nýsköpunar og að notuð sé framsækin stafræn tækni.

3.2
Undirmerkið

Endurskoða námskrá reglulega til að tryggja að hún sé í samræmi við það sem best gerist, bæði varðandi inntak námskeiða og kennslu, til að tryggja að gæði og miðlun sé framúrskarandi.

3.3
Undirmerkið

Auka stuðning við kennara með því að fylgjast vel með því besta sem gerist í þróun kennsluaðferða, bæði stafrænna og til að nota í hefðbundinni kennslustofu.

3.4
Undirmerkið

Efla starf vinnuhópa um gæðamál innan deilda og tryggja gæðaeftirlit með inntaki námskeiða. Finna leiðir til að auka þátttöku nemenda í stöðugu umbótastarfi háskólans.

3.5
Undirmerkið

Samræma notkun gæðastaðla um uppbyggingu, undirbúningstíma og námsmat sem fylgja verður í öllum námskeiðum.

3.6
Undirmerkið

Móta og innleiða stefnu um gæðaviðmið með viðeigandi innlendum og alþjóðlegum samstarfsaðilum.

Rannsóknir

Háskólinn á Bifröst er hluti af alþjóðlegu vísindasamfélagi þar sem áhersla er lögð á rannsóknir. Við höfum vísindalegt sjálfstæði og frelsi að leiðarljósi og leggjum um leið áherslu á rannsóknarstarf innan háskóladeildanna. Hver deild við Háskólann á Bifröst mótar sína sýn og stefnu varðandi rannsóknir. Þær munu á tímabilinu sem þessi stefnumótun nær til móta sér forgangs röðun og eru studdar til þess af stjórnslunni. Töluverður munur er milli deilda á nálgun og markmiðum með rannsóknum. Deildirnar geta valið að einbeita sér að rannsóknartengdri starfsemi sem skilar ekki alþjóðlega viðurkenndum rannsóknarniðurstöðum strax en leiðir til annars ávinnings sem skiptir samfélagið máli, til dæmis með því að efla tengsl við atvinnulíf og byggja mikilvægar brýr milli háskóla og samfélags. Háskólinn væntir þess að sú starfsemi muni til lengri tíma lítið skila rannsóknarniðurstöðum og rannsóknarverkefnum.

Háskólinn hvetur alla kennara sína og nemendur til að auka hlut rannsókna í starfsemi háskólans og leita leiða til að efla rannsóknir á fræðasviði sínu og í tengdum greinum. Við leggjum áfram áherslu á að tryggja akademísku starfsfólki tíma og sveigjanleika til að helga sig rannsóknum.



Markmið okkar um rannsóknir á stefnumótunartímabilinu eru að:

Markmið 4.

Efla sköpun, samvinnu og framfarir í fræðilegum rannsóknum.

4.1
Undirmarkmið

Auka afrakstur rannsókna og fræðastarfs.

4.2
Undirmarkmið

Háskólinn stefnir að því að allar rannsóknarniðurstöður starfsfólks séu í opnu aðgengi nema sérstakar ástæður séu til annars.

4.3
Undirmarkmið

Háskólinn á Bifröst styður starfsfólk sitt áfram við að sækja um rannsóknarstyrki. Háskólinn á Bifröst hyggst afla fjár frá breiðum hópi til að fjármagna rannsóknarstarf háskólans.

4.4
Undirmarkmið

Deildirnar stefna að því að meta og koma á fót rannsóknarsamstarfi við útvalda háskóla og aðra alþjóðlega hagaðila. Við stefnum að því að þróa gæðaviðmið í slíku samstarfi.

Markmið 5.

Styrkja innviði rannsókna og sýnileika.

5.1
Undirmarkmið

Háskólinn á Bifröst mun koma upp skilvirkri stjórnsýslustöð fyrir starfsfólk með það að markmiði að halda utan um rannsóknarstarf og gögn, sinna skrifstofuþjónustu, ráðgjöf og stuðningi varðandi umsóknir um rannsóknarstyrki, samstarfsmál og önnur mál sem snúa að stjórnun og skipulagi. Í þessu felst þátttaka í PURE upplýsingakerfinu ásamt öðrum íslenskum háskólum.

5.2
Undirmarkmið

Háskólinn á Bifröst hyggst endurvekja árlegan rannsóknardag þar sem kynntar eru yfirstandandi og væntanlegar rannsóknir með umræðum nemenda og starfsfólks.

Menning og stjórnun

Fjárhagsstaða Háskólans á Bifröst er góð við upphaf þessa stefnumótunartímabils. Stjórnun háskólans er sterk og haldið verður áfram að þróa meginreglur um fræðilegt frelsi, jafnrétti og fjölbreytni, öflugar siðareglur og sjálfstæði stofnunarinnar með sterka forystu, háskólasamfélag og samfélagsábyrgð á öllum sviðum skólans.

Markmiðið fyrir komandi áratug er að viðhalda þeim góðu framförum sem þegar hafa náðst og efla menningu og stjórnun háskólans enn frekar. Háskólinn á Bifröst mun í fyrirsjáanlegri framtíð leggja skýra áherslu á gæði fremur en magn. Vöxtur er ekki meginmarkmið, heldur viljum við tryggja hámarksgæði á öllum stigum starfseminnar.

Háskólinn á Bifröst er lítill háskóli þar sem hefð er fyrir að samskipti starfsfólks séu góð og persónuleg. Stafræn þróun hefur leitt til þess að starfsfólk skólans er nú staðsett á nokkrum stöðum; í háskólaþorpinu á Bifröst, á skrifstofu skólans í Reykjavík og heima hjá sér. Í þessu felast nýjar áskoranir og tækifæri fyrir mannauðsstjórnun. Við höldum áfram að þróa mannauðsstjórn og stefnum að því að viðhalda og auka jafnvel hina miklu starfsánægju með skapandi verkefnum. Við viljum að Háskólinn á Bifröst verði eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem boðið er upp á sveigjanleika og tækifæri til starfsþróunar.

Stafræn þróun í samfélaginu hefur einnig haft veruleg áhrif á uppbyggingu og stjórnun Háskólans á Bifröst. Endurmeta þarf hagkvæmni þess að bjóða upp á skiptinám og skoða nýtingu háskólasvæðisins sem byggt var upp fyrir staðnám til að tryggja jafnvægi milli þarfa nemenda og hagkvæmni í rekstri. Áhersla verður lögð á þessi verkefni á stefnumótunartímabilinu sem fram undan er.



Markmið okkar um menningu og stjórnun á stefnumótunartímabilinu eru að:

Markmið 6. Tryggja að stjórnsýsla greiði fyrir allri starfsemi skólans.

- 6.1
Undirmarkmið Fara árlega yfir og meta verkefnaáætlun stefnumótunarinnar og endurskoða með tilliti til samfélagsþróunar.
- 6.2
Undirmarkmið Styrkja samstarfsnet í nærsamfélaginu og innanlands og fara yfir alþjóðlegt samstarf sem skólinn á aðild að með það að markmiði að endurmeta tilgang þess. Auka sýnileika fræðasamstarfs háskóladeildanna og einstakra starfsmanna.
- 6.3
Undirmarkmið Til að tryggja að ákvarðanir séu byggðar á gögnum hyggjumst við meta reglulega hlutverk og ábyrgð stjórnunar og ráðgjafahópa. Við stefnum einnig að því að beita skipulegri nálgun við að bæta upplýsingastjórnunarkerfi okkar með það að markmiði að varðveita stofnanaminni sem auðveldað getur upplýstar ákvarðanir.
- 6.4
Undirmarkmið Próa og innleiða aðferðir sem bæta utanaðkomandi þátttöku atvinnurekenda, útskrifaðra nemenda og annarra áhugasamra hagsmunahópa. Undir þetta fellur bætt nýting gagna um námsárangur nemenda og útskrifaðra nemenda.
- 6.5
Undirmarkmið Uppfæra stefnumótun varðandi skiptinema á grundvelli reynslu. Greina góða starfshætti og skapandi lausnir sem henta þörfum nemenda og standa undir sér fjárhagslega.
- 6.6
Undirmarkmið Koma á fót vinnuhópi sem mótar leiðir til að lífga háskólaþorpið við og auka nýtingu innviða.

Markmið 7. Frekari þróun verklagsreglna í mannauðsstjórnun.

- 7.1
Undirmarkmið Ýta undir og skapa menningu sem einkennist af samþættingu, jafnrétti, þjónustu og þátttöku, þar sem starfsmenn hafa tækifæri til að þroskast og búa við jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Fylgjast reglulega með líðan og viðhorfum starfsfólks til vinnustaðarins með árlegum starfsánægjukönnunum.
- 7.2
Undirmarkmið Tryggja aðlögun starfsfólks að stefnumótuninni og vanda til ráðninga með því að byggja þær á vel skilgreindum kröfum fyrir öll störf. Próa starfsmannasamtöl sem haldin eru árlega til að auka áherslu á þroska hvers og eins og sameiginlega ábyrgð á starfsþróun í takti við stefnumótun háskólans.
- 7.3
Undirmarkmið Stöðug vinna í samræmi við jafnréttisáætlun til að tryggja jafnrétti kynja í hópi starfsfólks háskólans, þar með talið með tilliti til launa og annarra starfskjara, þátttöku í stjórnsýslu, starfsumhverfi og tækifæri til símenntunar. Tryggja áframhaldandi jafnlaunavottun.
- 7.4
Undirmarkmið Stuðla að og auka skilning á kynferðislegum og kynbundnum halla í ákvarðanatöku og taka markvisst á áreitni og ofbeldi. Koma í veg fyrir mismunun og áreitni á grundvelli kyns, fötlunar, aldurs, trúarbragða, lífsskoðana, þjóðernis, uppruna eða litarháttar.

Samfélagsþátttaka

Háskólar leggja mikið af mörkum til þess að byggja upp farsælt samfélag með því að skapa menningarlegar og stofnanalegar aðstæður sem auka félagslega þátttöku. Þess vegna horfist Háskólinn á Bifröst í augu við þörfina fyrir að taka þátt í því samfélagslega verkefni að takast á við áskoranir sem við stöndum frammi fyrir sem samfélag. Á komandi áratug ætlum við að verja tíma í að endurskilgreina borgaralegt hlutverk okkar. Við hyggjumst læra af nemendum okkar, samstarfsfólki, innlendum og alþjóðlegum samstarfsaðilum og aðlaga nálgun okkar í samræmi við það.

Þegar kemur að fjölbreytni og réttlæti varðandi aðgengi að námi, stefnum við að því að efla enn frekar tæknilegan, námslegan og persónulegan stuðning við nemendur til að tryggja að háskólanám sé aðgengilegt þeim sem eftir því sækjast. Hægt er að koma til móts við ýmiskonar námsörðugleika með skapandi tæknilegum stuðningi. Þó að opinbert tungumál Háskólans á Bifröst sé íslenska hyggjumst við bjóða námstækifæri fyrir fólk sem sækist eftir að stunda nám á háskólastigi en er með annað móðurmál en íslensku. Undanfarna áratugi hefur gengið vel að leiðrétta ójafnvægi milli kynja í íslensku samfélagi sem áður hindraði aðgang kvenna að námi á öllum skólastigum. Þessi viðleitni hefur skilað svo miklum árangri að konur á Íslandi eru nú í meirihluta háskólanema og þeirra sem útskrifast frá háskólum. Jafnræði í aðgengi að námi er forgangsmálefni í Háskólanum á Bifröst og hyggjumst við leita leiða til þess að takast á við þetta ójafnvægi. Sömu leiðis ætlum við að skipuleggja námsframboð okkar þannig áfram að það sé aðgengilegt fjölskyldufólki sem sækist eftir að stunda háskólanám.

Háskólaþorpið á Bifröst er nú í breytingaferli samhliða því að háskólinn þróast stöðugt meira í átt til fjarnáms. Hluti af stefnumótun okkar er að finna nýtt jafnvægi þar sem félagslegt mikilvægi lifandi háskólaþorps fer saman við hágæða fjarnám. Umhverfi háskólaþorpsins sér okkur ekki aðeins fyrir náttúrufegurð í hrauninu heldur einnig grænni orku í jarðhita og heilnæmu vatni. Ýmsar áhugaverðar hugmyndir eru uppi um hvernig nýta megi háskólaþorpið til að ýta undir umhverfisvitund og -ábyrgð. Stefnt er að því að kanna slíkar hugmyndir nánar.

Á þessu stefnumótunartímabili hyggjumst við samþætta verkefni Sameinuðu þjóðanna PRME í starfsemi okkar. Þá ætlum við að styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna vegna þess að í þeim felst heildræn stefna þar sem tekið er á alþjóðlegum áskorunum með því að mynda jafnvægi efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þarfa. Nokkur markmiðanna tengjast þungamiðju háskólastarfsins sem er **nám og kennsla** og stefna okkar er að samþætta þau í starfsemi okkar.





Markmið okkar um samfélagsþátttöku á stefnumótunartímabilinu eru að:

Markmið 8.

Hvetja til og viðhalda fjölbreytni varðandi aðgang að námi.

8.1
Undirmerkið

Greina ástæðu þess hversu fáir karlkyns nemendur stunda nám við skólann og aðgerðir sem Háskólinn á Bifröst getur gripið til í því skyni að fjölga körlum í hópi nemenda og útskrifaðra nemenda.

8.2
Undirmerkið

Halda áfram að greina skapandi leiðir til þess að styðja nemendur með námsörðugleika.

8.3
Undirmerkið

Festa í sessi og þróa áfram háskólagátt á ensku í því skyni að veita fólki með annað móðurmál en íslensku aðgang að háskólanámi.

8.4
Undirmerkið

Halda áfram að greiða fyrir aðgengi fjölskyldufólks að námi og tryggja þannig að fjölskyldufólk eigi þess kost að stunda háskólanám.

Markmið 9.

Auka samfélagsþátttöku og samfélagsáhrif.

9.1
Undirmerkið

Auka skuldbindingar okkar varðandi svæðispróun á Vestur- og Norðvesturlandi og gagnvart landsbyggðinni allri, bæði á sviði kennslu við Háskólann á Bifröst og rannsókn- og atvinnulífstengsl. Meðal samstarfsaðila skólans um svæðispróun eru sveitarstjórnir, fyrirtæki, félagasamtök og áhugasamir hagsmunahópar innan þriðja geirans.

9.2
Undirmerkið

Koma á fót miðstöð þar sem áhersla er lögð á skapandi greinar, frumkvöðlastarf, smásöluverslun og samvinnurými.

9.3
Undirmerkið

Við berjumst fyrir umhverfisvitund í háskólaþorpinu og á starfsstöð í Reykjavík, einnig í verki. Við ætlum að auka endurvinnslu, draga út sóun, stunda siðræn innkaup og virkja samfélag okkar til sjálfbærni. Við hvetjum alla nemendur og starfsfólk til þess að lifa heilbrigðu lífi og til umhverfisvitundar. Við hyggjumst beita okkur fyrir aukinni notkun almenningssamgangna með því að óska eftir bættum almenningssamgöngum við háskólaþorpið.

9.4
Undirmerkið

Við skuldbindum okkur til að auka til muna viðleitni okkar við að tryggja að PRME-viðmiðin séu samþætt starfsemi okkar og munum vinna að framkvæmdaáætlun því til stuðnings.

Viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun PRME

Háskólinn á Bifröst er stoltur af þátttöku sinni í verkefni Sameinuðu þjóðanna PRME en það stendur fyrir Principles for Responsible Management Education eða viðmið um ábyrga stjórnunarmenntun. Markmið PRME er að samþætta markmið, gildi og siðfræði sjálfbærrar þróunar í alla þætti kennslu og starfsemi háskólans og auka með því meðvitund og skilning háskólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

Sameiginleg markmið aðila PRME eru:

-Við munum leitast við að efla færni nemenda okkar sem leiðtoga framtíðarinnar til að vinna að réttlátu og sjálfbæru hagkerfi í heiminum.

-Við munum leitast við að endurspegla hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og samfélagsábyrgðar í námskrá, námsefni og kennslufræði skólans.

-Við munum bjóða upp á námsefni, kennsluáðferðir og umhverfi í háskólanum sem gera nemendum kleift að efla færni sína sem ábyrgir stjórnendur.

-Við munum leggja áherslu á að stunda við háskólann rannsóknir sem auka skilning okkar á hlutverki og mögulegum áhrifum fyrirtækja á þróun félagslegra, umhverfislegra og efnahagslegra gilda.

-Við munum leita eftir virku samstarfi við stjórnendur fyrirtækja til þess að auka skilning okkar á þeim samfélagslegu og umhverfislegu áskorunum sem fyrirtækin standa frammi fyrir og að þróa í samstarfi við þau árangursríkar leiðir til að takast á við þær áskoranir.

-Við munum standa fyrir gagnrýnni umræðu á meðal kennara, nemenda, fyrirtækja, stjórnvalda, fjölmiðla og annarra áhugasamra hagsmunahópa í samfélaginu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

PRME Principles for Responsible
Management Education

an initiative of the 

Lykilmeðlíkvarðar

Nám og kennsla

- 90% háskólanemar skráðir 15. október ár hvert
- 90% nema ánægðir með gæði þess náms sem þeir stunda
- 70% skráðra nema í námi sem leiðir til háskólagráðu lýkur gráðunni á innan við 6 árum
- 80% útskrifaðra nema hefur fengið framgang í starfi og/eða starfsferli einu og hálfu ári eftir útskrift

Rannsóknir

- Rannsóknarstig við skólann eru að minnsta kosti 300 á ári
- 70% fastráðinna akademískra starfsmanna skulu vera með doktorspróf
- Að minnsta kosti 1 ritrýnd birting að meðaltali á ársverk í rannsóknnum
- Að minnsta kosti 1 umsókn um rannsóknarstyrk að meðaltali á ársverk í rannsóknnum

Menning og stjórnun

- 80% starfsmanna ánægðir í starfi
- Hlutfall námskeiða sem stundakennarar kenna annars vegar og fastir kennarar hins vegar er 50/50
- Niðurstaða úr reglubundnu matsferli gæðaráðs íslenskra háskóla mun sýna fram á að Háskólinn á Bifröst nýtur trausts gæðaráðs
- 80% starfsfólks er sátt við jafnvægið milli vinnu og einkalífs

Samfélagsþátttaka

- 5% jákvæðara viðhorf atvinnulífsins á Íslandi og samfélagsins almennt gagnvart Háskólanum á Bifröst
- Að minnsta kosti 30% verkefna háskólans og nemenda hans í samstarfi við atvinnulífið á Íslandi og samfélagið almennt
- 80% nemenda og starfsfólks telur að Háskólinn á Bifröst sýni ábyrgð í umhverfismálum
- 80% nemenda hefur aukið skilning sinn á ábyrgri stjórnun og sjálfbærni







Háskólinn á Bifröst
311 Borgarnes
Iceland